

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreyting – Miðbær Selfoss.

Bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum 29. júní 2023, tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir miðbæ Selfoss.

Gildandi deiliskipulag var samþykkt 8. júlí 2021 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 30. ágúst 2021 með auglýsingu nr. 963/2021.

Afmörkun deiliskipulagsins nær til svæðis sem afmarkast af Eyravegi og Austurvegi til norðurs og aðliggjandi íbúðarlóðum við Tryggvagötu til austurs, Sunnuvegi til suðurs og Kirkjuvegi til vesturs. Skipulagssvæðið er alls um 6,8 ha að stærð. Deiliskipulagsbreytingin tekur til vestur- og suðurhluta svæðis. Meginbreytingin er að bætt er við syðst á svæðið niðurgrafinni göngugötu, Garðatröð, sem tengist við Kirkjuveg að vestan og austurstíg Sigtúnsgarðs að austan. Sunnan við Garðatröð og austan við austurstíginn á mótis við lóðina Sigtún 2 er bætt við byggingarreitum fyrir lágreist hús, að hámarki 2 hæðir og ris. Lóðamörkum lóða sunnan Miðstrætis er breytt og nýjar lóðir afmarkaðar. Lóðirnar Eyravegur 3 og 5 eru sameinaðar í eina lóð. Með breytingunni er heimilað hámarksbyggingarmagn aukið á svæðinu, mest í kjöllumurum og með nýjum lóðum/byggingarreitum.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036.

Skipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Selfossi, 28. júlí 2023.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. júlí 2023